



Árganganámskrá 2020-2021



Árskógarskóli leik- og grunnskóli
Árganganámskrá leik- og grunnskólastigs
8. starfsár



Árskógarskóli leik- og grunnskóli



námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Efnisyfirlit

1. Árganganámskrá leik- og grunnskólastigs	3
1.1 Leikskólastig, Kötlukot	3
1.1.1 Leikurinn	3
1.2. Námssvið leikskóla	5
1.2.1 Læsi og samskipti	5
1.2.2 Heilbrigði og vellíðan	8
1.2.3 Sjálfbærni og vísindi	9
1.2.4 Sköpun og menning	11



1. Árganganámskrá leik- og grunnskólastigs

Í árganganámskrá er fjallað um skipulag skólastarfsins, einstakar námsgreinar markmið, leiðir í leik, námi og kennslu, kennslugögn og náms- og þroskamát. Skólanámskráin byggir á leik- og grunnskólalögum og aðalnámskrám leik- og grunnskóla. Árganganámskrá er unnin af kennurum og er ætlað að vera leiðarljós og leiðbeining fyrir kennara, nemendur og foreldra um námsfyrirkomulag í viðkomandi árgangi/námshóp. Hún á að gefa sem gleggsta mynd af því starfi sem framundan er hverju sinni. Markmið sem sett eru fram í árganganámskrá eru ætluð til viðmiðunar enda er allt nám og leikur einstaklingsmiðað og þannig að hver og einn nemandi nær sínum markmiðum eins og aldur hans, þroski og geta gefa tækifæri til.

1.1 Leikskólastig, Kötlukot

Í árganganámskrá eru viðmið um markmið fyrir hvern aldurshóp á leikskólastigi þar sem fjallað er um leikinn og áhersluna á að börn læri í gegnum leikinn en í framhaldinu eru markmið, leiðir og mat innan hvers námssviðs fyrir hvern aldurshóp fyrir sig.

Í aðalnámskrá segir:

Þegar fylgst er með þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á:

- ✓ alhliða þroska
- ✓ sjálfstæði
- ✓ áhugasvið
- ✓ þátttöku í leik úti og inni
- ✓ félagsfærni og samkennd
- ✓ frumkvæði og sköpunarkraft
- ✓ tjáningu og samskipti

Hver leikskóli á að þróa fjölbreyttar aðferðir við að safna, skrá, skipuleggja og greina upplýsingar um þroska barna, nám, vellíðan og færni og móta sérstakt vinnulag þar um. Fjalla þarf um vinnulagið í skólanámskrá, hafa það aðgengilegt þeim sem málið varðar og tengja það innra mati leikskólans eftir því sem við á (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 32).

1.1.1 Leikurinn

Leikurinn er megin námsleið barns. Í gegnum leik þróar barnið með sér félagsleg tengsl við önnur börn, skapar eigin menningu, eflir sig í lýðræðislegum athöfnum, tjáir hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar. Það lærir að skilja hlutina frá sjónarhóli annarra og fær tækifæri til að setja fram eigin hugmyndir. Í leiknum tjáir barnið hugmyndir sínar og tilfinningar, lærir hvert af öðru og lærir að skilja hlutina frá sjónarmiðum annarra og umhverfi sínu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 27). Fyrri reynsla, upplifanir og þekking setur mark sitt á leik hvers barns (Valborg Sigurðardóttir, 1991, bls. 109). Í leiknum fær barn tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt. Hreyfing, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl eru veigamiklir þættir í leik barnsins. Langanir barnsins til að læra,



afla sér þekkingar og skapa eru allt þættir sem hægt er að virkja í gegnum leik (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 27). Fjölbreytilegt leikumhverfi hefur áhrif á leikinn og styður við hann. Barn eru í eðli sínu virkt og það er hlutverk skólans að sjá til þess að það geti notið sín.

Markmið

- að efla alhliða þroska barnsins
- að barnið læri í gegnum leik
- að barnið upplifi leikgleði
- að barnið tjái tilfinningar sínar í gegnum leik
- að barnið þroski samskiptahæfni sína
- að barnið læri að taka tillit og geti sett sig í spor annarra

Leiðir

- með efnivið og umhverfi sem örvar barnið til ímyndunar- og hlutverkjaleikja
- með þátttöku kennara í leik á forsendum barnsins
- með rúmum tíma til leikja

Viðmið um markmið og/eða aldurstengda hæfni

Við 3 ára aldur

- Sýnir tilfinningar eins og reiði, gleði, umhyggju
- Sýnir samkennd
- Sýnir öryggi í hópi barna
- Sýnir skilning á hvað er rétt og hvað rangt
- Leikur samhliða leik
- Leikur með ólík leikefni
- Leikur sér þó fullorðnir séu ekki nálægt
- Leitar til fullorðinna
- Leitar eftir félagsskap annarra barna
- Bregst við einföldum skilaboðum
- Deilir leikföngum

Við 5 ára aldur

- Leikur sér í hlutverkaleik
- Þróar leikinn
- Tekur þátt í regluleikjum
- Tjái tilfinningar
- Tjái sig og hlustar á aðra
- Sýnir sjálfstæða hugsun
- Gerir brúðuleikrit
- Gerir leikrit eftir sögu
- Býr til handrit og sýnir leikrit



- Leysir úr deilum
- Notar algengar kurteisisreglur
- Sýnir frumkvæði
- Meðtekur hópskilaboð
- Situr kyrr án þess að truflast af utanaðkomandi áreiti
- Unir í leik án þess að truflast af utanaðkomandi áreiti

Námsmat

- skráningar
- umræður
- sköpun barnsins
- ljósmyndir
- þroskalýsingar
- foreldraviðtöl

1.2. Námssvið leikskóla

Leikskólastarf byggist á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiksins. Við skipulagningu leikskólastarfs skal jafnframt taka mið af leiðarljósum leikskóla, grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla. Í skólanámskrá þarf að lýsa þekkingu, leikni og siðferðilegu viðhorfi sem stefnt er að í skólastarfi. Leikskólar útfæra sjálfir í skólanámskrá hvernig þeir vinna með hæfnipætti í samræmi við aldur og þroska barna.

Námssvið leikskólans eru: *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.* Námssvið leikskólans eiga að:

- ✓ vera hluti af leik barna
- ✓ vera samþætt daglegu starfi leikskóla
- ✓ vera heildstæð og byggjast á reynslu barna
- ✓ byggjast á áhuga barna og hugmyndum
- ✓ taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms
- ✓ vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna
- ✓ hvetja til samvinnu og samstarfs
- ✓ stuðla að sjálfstæði og frumkvæði
- ✓ hvetja til ímyndunar og sköpunar
- ✓ vekja forvitni og hvetja til rannsókna og kannana
- ✓ vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna
- ✓ efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína
- ✓ leikni og hæfni
- ✓ stuðla að sterkri sjálfsmynd og sjálfsþekkingu
- ✓ stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

1.2.1 Læsi og samskipti



Hæfni í félagslegum samskiptum er undirstaða að velgengni einstaklinga í samfélaginu og er tungumál og tjáning þar mikilvægt tæki til boðskipta. Vygotsky taldi að félagsleg samskipti hefðu bein áhrif á þroska einstaklinga (Odom o.fl., 1992, bls. 20) og að lykillinn að auknum þroska lægi í tungumálinu sem notað væri (Bee og Boyd 2004, bls. 17). Hann sagði barnið læra af samskiptum sínum við önnur börn og því sé mikilvægt að orða hlutina og ræða þá (Vygotsky, 1978). Barn tjáir sig með ýmsum aðferðum s.s. með hljóði, snertingu, tónlist, látbragði, dans, leikrænni tjáningu, myndmáli og tungumáli (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 29). Sameiginlegt tungumál eflir samkennd og er mikilvægur þáttur í menningu þjóða. Með læsi öðlast barn hæfni, þekkingu og leikni, til að lesa í umhverfi sitt og getað tjáð sig á fjölbreyttan hátt (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 29).

Markmið

- að efla málþroska og hugtakaskilning barnsins
- að barnið geti tjáð hugsanir og tilfinningar með mismunandi hætti
- að barnið geti tekið þátt í samræðum og rökrætt
- að barnið geti hlustað og skilið talað mál
- að barnið öðlist grunn skilning á ritmáli og að tákni hafi merkingu
- að efla áhuga barnsins á bókum og sögum
- að barnið eigi jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum
- að barnið noti ólíkar leiðir og tækni til að afla sér upplýsinga og setja fram hugmyndir sínar

Leiðir

- með umræðum
- með bókalestri og frjálsum aðgangi að bókum
- með heimsóknnum á bókasafn
- með söng, þulum og dansi
- með orða- og hugtakaspilum
- með leik
- með opnum spurningum
- með notkun tölvu
- með aðgang að ólíkum efniviði

Viðmið um markmið og/eða aldurstengda hæfni

Við 3 ára aldur

- hlusti á lestur þar sem lesinn er einfaldur texti út frá myndum
- læri lög með fjölbreyttum einföldum textum þar sem stuðst er við hreyfingar og myndrænt efni
- tjáir sig á einfaldan hátt með ólíkum efnivið (hljóðum, hreyfingu, myndum, ipad)
- öðlist skilning á hugtökum (Bakvið, fyrir framan, fyrir aftan, uppi, niðri, ofaní, undir)
- öðlist skilning á persónuformnöfnum (Hann, hún, ég, þú)
- taki þátt í samræðum



- fari eftir einstaklingsfyrirmælum
- geti sagt aldur sinn
- geti sett orð á athafnir, hluti og langanir
- geti klappað samstöfur (klappa atkvæði í orðum)
- búi til litla hópa af 1-4 án þess að telja (áður enn það lærir að telja á áreiðanlegan hátt)

Við 5 ára aldur

- geti hlustað á lestur þar sem er mikill texti og fáar eða engar myndir
- geti sagt nöfn fjölskyldumeðlima, heimilisfang
- geti tjáð óskir og langanir
- geti deilt skoðunum sínum og hugmyndum
- sé virkt í samræðum
- sé búið að öðlast fjölbreyttan orðaforða
- lærir fjölbreyttar vísur og þulur
- öðlist færni í að ríma
- geti notað rétta orðaröð
- kunni flesta bók og tölustafi
- geti lesið nokkur orð
- geti skrifað orð án fyrirmyndar
- geti komið fram fyrir framan hóp
- fari eftir hópafyrirmælum
- geti samið sögu
- geti endursagt sögu
- þekki nafn sitt á prenti
- nýti ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram eigin hugmyndir
- sé með hnökralausan réttan framburð
- geti talið frá 1-9 og hefur skilninginn á bakvið
- geti tengt tölustaf við talinn hlut
- skilji að síðasta talan sem er talinn stendur fyrir heildarfjölda.
- skilji að fjöldi breytist ekki þrátt fyrir að útlit hópsins breytist
- geti talið upp í 20 (skilningur ekki á bakvið)
- geti skrifað tölustafi
- geti skrifað tölustafi til að tákna tölulegt ástand eða merkingu.
- skilji tugatölur

Námsmat

- skráningar
- umræður
- sköpun barnsins
- þroskalýsingar



- foreldraviðtöl
- sjálfsmat barnsins í námsmatsmöppu
- Hljóm 2

1.2.2 Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigðir lífshættir, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfing eru þættir sem barn á að læra um í skóla. Hreyfing getur stuðlað að gleði og ánægju og í gegnum hana lærir barnið. Hreyfing er barninu eðlislæg og stuðlar að vellíðan þess. Hreyfing og vellíðan hefur áhrif á samskipti barna og hvernig þau umgangast umhverfi sitt. Jafnframt hefur hreyfing og vellíðan áhrif á hvernig barnið tekst á við daglegt líf og nýjar aðstæður (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 30). Kennarar þurfa að vera næmir á þarfir og tilfinningar barnsins og veita því umhyggju þ.e. að kunna að lesa í hegðun og tjáningu barnsins og bregðast við á réttan hátt (Aline-Wendy Dunlop, 2006).

Markmið

- efla alhliða hreyfiþroska barnsins
- stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði barnsins
- stuðla að gleði, ánægju og vellíðan barnsins
- að barnið temji sér hreinlæti
- efla sjálfsmynd barnsins
- efla þor barnsins
- efla líkamsvitund barnsins og persónulega umhirðu
- að barnið fái hvíld eftir þörfum hvers og eins og læri að slaka á

Leiðir

- að gefa barninu kost á verkefnum sem vekja áhuga
- skapa tækifæri til hreyfingar
- kenna barninu almennar hreinlætisvenjur
- með umræðum
- sýna barninu umhyggju og virða þarfir þess
- hvert barn fái áskoranir við hæfi
- með hollu mataræði
- með frjálsum leik
- með hvíldartíma í daglegu starfi eftir þörfum
- með daglegri útiveru

Viðmið um markmið og/eða aldurstengda hæfni

Við 3 ára aldur

- geti hreyft sig í nánasta umhverfi
- fái hreyfingu í íþróttasal
- geri tilraunir til að klæða sig (sokka, húfu, stígvél)
- klæði sig í skálmar, ermar, húfu, skó og ullasokka



- noti skeið/gaffal við að matast
- drekki úr glasi
- hvíli sig eftir þörfum
- venjist á klósett ferðir
- geti þvegið hendur og þurrkað
- sýni lágmarks snyrtimennsku við matarborðið (hættir að nota smekk)

Við 5 ára aldur

- klæði sig sjálf nema fær aðstoð við að renna, binda og setja utanyfir
- klæði sig eftir veðri án leiðsagnar
- gangi frá fötunum sínum
- borði með hníf og gaffli
- skammti sér mat
- brytji matinn sinn
- gangi frá leirtauinu sínu eftir matinn
- smyrji brauðið sitt
- helli í glas
- aðstoði yngri börn við klæðnað, borðhald
- fari í íþróttir hjá íþróttakennara
- fari í sund með íþróttarkennara
- vinni aldurssvarandi verkefni úr smiðjuhefti

Námsmat

- skráningar
- umræður
- ljósmyndir
- þroskalýsingar
- foreldraviðtöl

1.2.3 Sjálfbærni og vísindi

Allt frá fæðingu kannar barnið umhverfi sitt og reynir að skilja það. Barnið túlkar umhverfið á mismunandi hátt allt eftir þroska. Kennsla í sjálfbærni miðar að því að einstaklingur geti spurt spurninga og sé lýðræðislegur þátttakandi í sjálfbærnissamfélagi. Mikilvægt er að leggja áherslu á tengsl þeirra viðfangsefna sem unnið er með s.s. náttúru og samfélag, mismunandi náttúrufrýrbæri, vísindi og tækni. Hvetja þarf barnið til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna, jafnframt að ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barnsins. (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 14,30-31). Með umhverfismennt skynjar barnið að það sé hluti af náttúrunni, lærir á umhverfið sitt og að umgangast það af virðingu og skynsemi. Með því að nýta hráefni úr náttúrunni og flokkun á endurvinnanlegum efnivið lærir barnið að nýta verðmæti náttúrunnar í sátt við hana.



Markmið

- að barnið læri að umgangast náttúruna og samfélagið af virðingu
- að barnið læri að njóta náttúrunnar og kynnist fjölbreytileika hennar
- að barnið læri á ýmsar hringrásir og fyrirbæri í náttúrunni
- að barnið læri hvernig vistspor þess og samfélagsins geti stuðlað að sjálfbærri þróun
- að barnið geti aflað gagna og flokkað
- að barnið geti unnið úr og miðlað upplýsingum á gagnrýnin og skapandi hátt
- að barnið læri að nýta efni úr náttúrunni
- að barnið kynnist nærumhverfinu
- að barnið læri að sjá tengsl orsök og afleiðingu

Leiðir

- með skoðunar- og vettvangsferðum
- með útikennslu
- með umræðum og fræðslu um umgengni um náttúruna, veðurfar, dýr og plöntur
- með rannsóknum og tilraunum
- með flokkun á sorpi
- með notkun hráefnis úr náttúrunni t.d. í myndlist og í leik
- með athugunum og umræðum um áhrif okkar á umhverfið
- með þátttöku í Skóli á grænni grein

Viðmið um markmið og/eða aldurstengda hæfni

Um 3 ára aldur

- kynnist nánasta umhverfi skólans t.d. með stuttum gönguferðum
- læri að umgangast dýr og náttúruna af virðingu
- þekki algengustu dýraheiti (húsdýr, einstaka fugla og einstaka skordýr)
- vinni með líti á plöntum og gróðri
- taki þátt í ræktun, vökva og uppskera
- barn er aðstoðað við að henda rusli í réttar flokkunartunnur og sett eru heiti á flokkana
- læri að matarafgangar fari í þar til gerðar fötur sem fara í sveitina og dýrin borði hann eða í græna tunnu sem síðan verður að mold

Um 5 ára aldur

- njóti umhverfisins við skólann og fari í lengri gönguferðir
- þekki kennileiti nánasta umhverfis
- þekki algeng heiti á plöntum og gróðri
- þekki fuglaheiti fugla á þessu svæði
- þekki hljóð fugla á svæðinu og helstu sérkenni
- þekki helstu sérkenni húsdýra



- þekki helstu skordýr og sérkenni þeirra
- það læri að virða umhverfið, hvernig á að ganga um gróðurinn
- læri hvaðan pappírinn kemur
- hafi tamið sér þá vinnu að fara sparlega með efnivið eins og pappír og taki þátt í markvissri vinnu við endurvinnslu t.d. pappírsgerð
- viti í hvaða flokkunartunnu hver efniviður á að fara í. (pappír, plast, ál, almennt)

Námsmat

- skráningar
- umræður
- sköpun barnsins
- ljósmyndir
- þroskalýsingar
- foreldraviðtöl
- grænfána fundir

1.2.4 Sköpun og menning

Umhverfi og staðblær skólans mótast af menningu þeirra sem í skólanum dvelja. Barnamenning mótast af menningu og hefðum samfélagsins á hverjum tíma og er samofin námi og leik barna í skólanum. Sköpun í skólanum snýst um sköpunarferlið, það er gleðin, tjáningin og námið sem á sér stað þegar ímyndunaraflíð fær að njóta sín (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 31). Með myndsköpun, tónlist og leiklist getur barnið tjáð tilfinningar sínar, reynslu og upplifun á listrænan hátt. Skapandi starf eflir sjálfstraust barnsins, sköpunarkraft og líkamsvitund. Leggja þarf áherslu á að hugmyndir barnsins fái að ráða og að það fái aðstoð við að vinna úr þeim eftir aldri og þroska.

Markmið

- að barnið kynnist samfélagi sínu og hefðum og læri að meta gildi menningararfsins
- að barnið kynnist og læri að bera virðingu fyrir menningu annarra þjóða
- að barnið fái tækifæri til að tjá upplifun sína í gegnum myndlist, tónlist, dans og með leikrænni tjáningu
- að barnið finni til gleði og ánægju yfir eigin sköpunarkrafti
- að efla sköpunarhæfni barnsins
- að barnið kynnist fjölbreyttum efnivið
- að efla næmni barnsins fyrir hrynjanda og hljóðum
- að barnið kynnist bókmenntum, sögum, þulum og ævintýrum
- að barnið verði meðvitaðra um eigin líkama og líkamstjáningu
- að barnið verði öruggara að tjá sig fyrir framan aðra

Leiðir

- með umræðum, vettvangsferðum og heimsóknnum
- haldið er upp á helstu hátíðisdaga og hefðir
- að upplýsa barnið um ólíka menningu með margvíslegum hætti



- að kenna barninu siðferðisvenjur samfélagsins
- með vinnu með margvíslegum efnivið
- með umhverfi og efnivið sem örvar skapandi hugsun og tjáningu
- með opnum spurningum
- með söng, dans og hreyfileikjum
- með fjölbreyttu tónlistarvali og hljóðfærum
- stundir með tónlistarkennara tónlistarskólans, kynning á hljóðfærum ofl

Viðmið um markmið og/eða aldurstengda hæfni

Um 3 ára aldur

- teikni á blað
- teikni hring
- kynnist ólíkum efnivið/áferðum (leir, málningu, tússlitir)
- púsli 20+
- vinni með litlar perlur
- vinni með skæri
- búi til byggingar og flóknari verk (10 kubbar+)
- vinni aldurssvarandi verkefni úr smiðjuhefti

Um 5 ára aldur

- beiti skærum rétt
- klippi eftir línu
- sjái smáatriði á mynd
- sýni smáatriði í verkum t.d. augu, nef, munn, fingur
- vinni með form og mynstur með ólíkum hætti t.d. perl, teikningar, tölva.
- sé komið með gott blýantsgrip (3 fingra grip)
- skrifi nafnið sitt, stafi, orð
- teikni form og hluti
- læri litablöndun
- sé sjálfstætt við efnisval í listsköpun
- sé komið með færni og kunnáttu í notkun á mismunandi efnivið
- perli eftir mynstri (telja út)
- vinni aldurssvarandi verkefni úr smiðjuhefti
- fer í aðventuferð í desember
- selji bollu í bollubúðinni á bolludaginn
- fari í hringekju með 1 bekk

Öll börn

- fara í sveitaferð
- taka þátt í undirbúningi jólanna og þátttöku í litlu jólum



- taka þátt í undirbúningi páska
- taka þátt í undirbúningi þorrans
- fari í bollubúð og fái bollu á bolludaginn
- slái köttinn úr tunnunni á öskudaginn
- taka þátt í undirbúningi árshátíðar
- fara í berjamó
- fjósaferð
- réttarferð
- fara í fjöruferð
- taki þátt í þeim menningar- eða listviðburðum sem í boði eru í sveitafélaginu
- taki þátt í samvinnu skólastiga
- taki þátt í skólaþingi
- taki þátt í skipulögðum söngstundum
- eru virkir þátttakendur á gæðastundum
- fari í heimsókn til Dalvíkur (t.d. aðra leikskóla, mótuneytið, kaffihús, bókasafn,)

Námsmat

- skráningar
- umræður
- sköpun barnsins
- ljósmyndir
- þroskalýsingar
- foreldraviðtöl